

SNÆFELLSNESVEGUR (54) UM FRÓÐÁRHEIÐI, FRÁ VALAVATNI TIL ÚTNESVEGAR (574)

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að uppbygging Snæfellsnesvegar (54) um Fróðárheiði frá Valavatni að Útnesvegi (574), Snæfellsbæ, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Snæfellsbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.

Skipulagsstofnun bendir á að framkvæmdin er ekki í samræmi við Aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015 og áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á því. Aðalskipulagsbreytingin er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana og þar þarf að fjalla um umhverfisáhrif af uppbyggingu vegarins m.a. í ljósi þess sem fyrir liggur við ákvörðun þessa. Með kynningu á aðalskipulagi mun almenningi gefast tækifæri til að kynna sér fyrirhugaðar framkvæmdir.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 1. júlí 2010.

INNGANGUR

Þann 15. apríl 2010 tilkynnti Efla verkfræðistofa, f.h. Vegagerðarinnar, til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10 c í 2. viðauka laganna uppbyggingu Snæfellsnesvegjar (54) um Fróðárheiði frá Valavatni að Útnesvegi (574), Snæfellsbæ.

Skipulagsstofnun leitaði álits Snæfellsbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Snæfellsbæ með bréfi dags. 20. maí 2010, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 3. maí 2010, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með bréfi dags. 17. maí 2010 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 11. maí 2010. Frekari upplýsingar bárust frá Vegagerðinni með bréfi dags. 20. maí 2010.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í tilkynningu kemur fram að fyrirhugað sé að ljúka við uppbyggingu á vegi frá Valavatni til Útnesvegjar, alls um 5,1 km leið. Um sé að ræða endurbyggingu vegjarins er verði að miklu leyti utan núverandi veghelgunarsvæðis og víki frá núverandi vegi 20 – 300 metra. Teknar verði af varhugaverðar beygjur og dregið úr bratta. Einungis sé kynntur einn kostur er hafi verið valinn með það í huga að ná fram nauðsynlegum vegbótum með sem minnstum tilkostnaði og lágmarksskerðingu á vel grónum svæðum. Einnig þurfi að lagfæra Útnesveg á um 1 km kafla við vegamót Fróðárheiðar.

Fram kemur að markmið framkvæmdarinnar sé að minnka líkur á ófærð vegna snjóá og gera samgöngur um Fróðárheiði öruggari.

Áhrif á núverandi landnotkun. Fram kemur að svæði 223 á náttúruminjaskrá afmarkist af veginum að vestanverðu. Hugmyndir hafi verið uppi um að friðlýsa svæðið milli vegjarins og Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, samkvæmt tillögum Umhverfisstofnunar vegna Náttúruverndaráætlunar 2004-2008. Á Fróðárheiði sé úthagi en sauðfé hafi fækkað það mikið á svæðinu að það heyri til undantekninga að sjá fé við veginn. Takmörkuð útivist sé í nágrenni vegstæðis. Fram kemur á grunnmyndum í greinargerðinni að um framkvæmdasvæðið liggur reiðleið sem ýmist er gert ráð fyrir að verði eftir núverandi vegi þar sem hann verður aflagður eða enn eldri bílvegi eða varðaðri leið.

Áhrif á landslag. Fram kemur að vegurinn verði í nýrri legu á 4,2 km kafla og bein áhrif verði af veginum þar sem fyllingar og skeringar þeki meira land en núverandi vegur. Efni sem fáiast úr skeringunum og úr núverandi vegi muni verða notað í fyllingar- og burðarlag og gert sé ráð fyrir að 130 þúsund m³ fáiast úr núverandi vegi og lausum jarðlögum og um 230 þúsund m³ úr bergi. Úr námum komi síðan um 10.000 m³. Veglagningin hafi því í för með sér áhrif á ásýnd landslags en þess verði gætt að skeringar falli að öröskuðu landi, til þess að draga úr sjónrænum áhrifum.

Áhrif á gróður. Fram kemur að algengan gróður sé að finna á nýju vegstæði. Skerðing á votlendi og votlendisjaðri verði á fjórum svæðum, í heild innan við einn ha. Uppgræðsla verði unnin í samráði við Umhverfisstofnun.

Áhrif á menningarminjar. Fram kemur að í nágrenni Valavatns sé vörðuröð á gamalli leið og sjáist hlaðinn vegur á kafla vestan Valavatns og á Illahorni, nærri fyrirhuguðu efnistökusvæði. Skammt frá Klettakoti liggja fyrirhuguð veglína þvert í gegnum túngarð og kemur fram að Fornleifavernd ríkisins telji að fá þurfi

fornleifafræðing til að grafa könnunarskurð í gegnum túngarðinn til að kanna betur gerð hans og freista þess að fá hugmynd um aldur hans.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að Aðalskipulag Snæfellsbæjar 1995-2015 geri ráð fyrir að lokið verði við uppbyggingu Snæfellsnesvegar (54) um Fróðárheiði. Veglínán og náma norðaustan við Valavatn sé ekki í samræmi við aðalskipulagið en Snæfellsbær vinni að breytingum aðalskipulagsins.

Fram kemur mat framkvæmdaraðila á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Algengan gróður sé að finna á nýju vegstæði, skerðing á votlendi og votlendisjaðri verði í heild innan við einn ha. Framkvæmdin muni ekki hafa nein áhrif á fuglalíf. Áhrif á jarðfræðiminjar og landslag muni verða lítil og ekki röskun á jarðfræðiminjum sem hafi sérstöðu á héraðs- eða landsvísu. Skerðing á skilgreindu náttúruverndarsvæði verði hverfandi. Vörðuröð sé í nágrenni við fyrirhugað efnistökusvæði í Illahorni og skammt frá Klettakoti muni fyrirhuguð veglína fara þvert í gegnum túngarð sem Fornleifavernd ríkisins telji að þurfi fornleifafræðing til að grafa könnunarskurð í gegnum.

Fram kemur að heildaráhrif framkvæmdarinnar verði mjög jákvæð.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Snæfellsbær, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands og Umhverfisstofnun telja ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Áhrif á núverandi landnotkun. Sveitarstjórn Snæfellsbæjar telur að jákvæð áhrif á umferðaröryggi og mannlíf í Snæfellsbæ vegi meira en óveruleg áhrif á gróður, fuglalíf og svæði á náttúruminjasrá.

Áhrif á jarðmyndanir. Umhverfisstofnun bendir á að við framkvæmdina verði ekki raskað jarðmyndunum sem njóti sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Jarðmyndanir á framkvæmdasvæðinu séu allar algengar á norðanverðu Snæfellsnesi.

Áhrif á gróður. Umhverfisstofnun bendir á að við framkvæmdina verði ekki raskað vistkerfum sem njóti verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Gróðurfur á svæðinu einkennist af algengum tegundum og þar sé ekki vitað um sjaldgæfar tegundir eða tegundir á válista.

Áhrif á menningarminjar. Fornleifavernd ríkisins bendir á að vörðu við Illahorn kunni að stafa hættu af efnistöku þar (svæði 2) og að gömlu leiðina þurfi að mæla nákvæmlega inn. Ef í ljós komi að fyrirhuguð vegagerð muni raska gömlu götunni eða vörðum, þurfi að sækja um leyfi Fornleifaverndar ríkisins fyrir raskinu, sbr. 10. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001. Grafa þurfi könnunarskurð í gegnum túngarð sem veglínán muni raska skammt frá Klettakoti en slík rannsókn geti gefið gleggri mynd af uppbyggingu garðsins og vísbendingar um aldur hans. Að því gefnu að gengið verði að framangreindum skilmálum telur Fornleifavernd ríkisins að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Leyfisveitingar. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands bendir á að við uppbyggingu fyrri áfanga vegarins yfir Fróðárheiði hafi verktaki ekki sótt um starfsleyfi fyrir starfsmannabúðum sem sé ámælisvert og er því beint til Vegagerðarinnar að kanna hvort verktaki hafi hlotið öll tilskilin leyfi áður en framkvæmdir hefjist.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða uppbyggingu á Snæfellsnesvegi (54) frá Valavatni til Útnesvegjar, alls um 5,1 km leið. Gert er ráð fyrir að mestan hluta leiðarinnar verði lagður nýr vegur, utan núverandi veghelgunarsvæðis og víki hann frá núverandi vegi 20 – 300 metra. Teknar verði af varhugaverðar beygjur og dregið úr bratta. Einnig verður lagfæring á Útnesvegi á um 1 km kafla við vegamót Fróðárheiðar.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 c í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur fram lögð gögn og umsagnir leiða í ljós að á áhrifasvæði framkvæmdarinnar er ekki að finna sérstæðar jarðmyndanir, gróður eða fuglalíf. Áhrif framkvæmdarinnar á þessa þætti verða því að mati stofnunarinnar ekki veruleg. Framkvæmdin mun samt sem áður raska talsvert grónu landi og skerða tún á vegamótum við Útnesveg.

Vörðuð leið liggur um hluta framkvæmdasvæðisins og er hún óhreyfð a.m.k. á kafla vestan Valavatns og sunnan í Illahorni en röskuð að hluta þar sem bílvegur var lagður eftir henni. Fyrirhugað er að taka efni norðan úr Illahorni og vegna efnisflutninga þarf að styrkja gamla bílveginn frá stöð 33900 að námunni. Þessi bílvegur liggur að hluta eftir gömlu vörðuðu leiðinni. Skipulagsstofnun telur mjög mikilvægt að farið sé að kröfum Fornleifaverndar ríkisins um að gamla leiðin verði mæld nákvæmlega, að höfðu samráði við Fornleifavernd ríkisins. Ef hætta er á að framkvæmdin raski gömlu leiðinni/vörðunum verður að sækja um leyfi til þess til Fornleifaverndar ríkisins. Að höfðu samráði við Fornleifavernd ríkisins þarf að grafa könnunarskurð í gegnum túngarð sem veglínan mun raska skammt frá Klettakoti.

Skipulagsstofnun tekur undir það sjónarmið framkvæmdaraðila að fyrir liggur að sjónræn áhrif vegarins verði mun meiri en af núverandi vegi þar sem vegurinn fer að verulegu leiti um óraskað land. Vegurinn mun bugðast með 8% halla úr 300 m hæð að sjávarmáli, á aðeins 5 km leið og ljóst að skeringar og fyllingar verða miklar, sbr. að í veginn þarf um 370.000 m³ og gert er ráð fyrir að meirihluti þess komi úr skeringum. Vegurinn kann því að valda talsverðum sjónrænum áhrifum og áhrifum á landslag. Í umsögnum er hins vegar ekki bent á að óvissa sé um þennan þátt eða að bera ætti saman í mati á umhverfisáhrifum ólíka kosti m.t.t. sjónrænna áhrifa, eða áhrifa á landslag. Sú umfjöllun kann að fara fram við breytingar á aðalskipulagi Snæfellsbæjar.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að uppbygging Snæfellsnesvegjar (54) um Fróðárheiði frá Valavatni að Útnesvegi (574), Snæfellsbæ, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Snæfellsbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.

Skipulagsstofnun bendir á að framkvæmdin er ekki í samræmi við Aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015 og áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á því. Aðalskipulagsbreytingin er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða og þar þarf að fjalla um umhverfisáhrif af uppbyggingu

vegarins m.a. í ljósi þess sem fyrir liggur við ákvörðun þessa. Með kynningu á aðalskipulagi mun almenningi gefast tækifæri til að kynna sér fyrirhugaðar framkvæmdir.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 1. júlí 2010.

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F. Þóroddsson

